

# Könnun um Sveitadaga, vor 2021



Verkefnið Sveitadagar að vori byggir á margra ára hefð sem þróast hefur með tíð og tíma allt frá árinu 1994. Tilgangur þess er m.a. að mæta sérstöðu skóla í dreifbýli, en Varmahlíðarskóli er skilgreindur sem sveitaskóli í nútímasamfélagi og leggur sig fram um að vera trúr því hlutverki. Stærstur hluti nemenda kemur úr dreifbýli. Við leggjum áherslu á að skólastarf sé sveigjanlegt og geti lagað sig að viðfangsefnum sem hæst bera í heimahéraði hverju sinni.


Verkefni Sveitadaga felur í sér samvinnu foreldra og skóla, þar sem foreldrar taka nemendur heim á bæi. Nemendur eru þessa daga við störf heima á bæjum og þeir nemendur sem ekki búa í sveit fá inni hjá skólafélögum, vinum og vandamönnum. Nemendum er ætlað að sinna fjölbreyttum vorverkefnum sem til falla s.s. að aðstoða við sauðburð undir handleiðslu foreldra. Að auki halda nemendur dagbók og vinna verkefni sem eru breytileg eftir aldri, geta verið athugun á veðri, búskaparháttum, fuglaskoðun, eða útreikningur kostnaðarlíða einhvers í rekstri búans. Matsblað er sent með nemendum sem bændur fylla út að Sveitadögum loknum. Nemendur skila dagbók, matsblaði og verkefnum sínum til umsjónarkennara.

Verkefnið Sveitadagar að vori hlaut viðurkenningu samtakanna Heimili og skóli vorið 2013. Foreldrar hafa verið afskaplega ánægðir í sínum umsögnum um verkefnið. Samvinna foreldra hefur verið dýrmæt enda er þátttaka foreldra lykilatriði í verkefninu, án þeirra liðsinnis væri þetta ekki framkvæmanlegt. Sveitadagarnir eru lýsandi dæmi um það hverju samstaða heimila og skóla getur áorkað.

Að mati okkar skólafélags er verkefnið Sveitadagar fyrirmyndar samþættingarverkefni. Síðasta vor féllu Sveitadagar niður. Við höfum fengið fyrirspurnir um hvort Sveitadagar verði haldnir í vor og merkjum eftirvæntingu um að svo geti orðið. Tímasetning í vor er áætluð í skóladagatali dagana 10.-14. maí. Með fyrirlögn könnunarinnar var leitað eftir sýn foreldra á fyrirkomulagi þeirra.

# Í hvaða árgangi er þitt barn ?


89 svör



- 1. bekk
- 2. bekk
- 3. bekk
- 4. bekk
- 5. bekk
- 6. bekk
- 7. bekk
- 8. bekk
- 9. bekk
- 10. bekk


# Býrð þú á sveitabæ ?

88 svör




# Getur þitt barn verið heima á Sveitadögum ?

88 svör




Ef fjölskyldan býr ekki á sveitabæ. Hafið þið tengsl við ábúendur á sveitabæ þar sem þitt barn getur varið Sveitadögum á?

33 svör




Hefur þú átt í erfiðleikum með að koma þínu barni fyrir á sveitabæjum ?

61 svar




Vildir þú að skólinn aðstoði við að finna pláss fyrir þitt barn?

67 svör



# Finnst þér Sveitadagar vera hæfilega margir fyrir árgang þíns barns ?

85 svör




- mátulegt, gott eins og þetta er
- mættu vera fleiri
- mættu vera færri



# Myndi þitt bú vera tilbúið til að taka á móti starfsmönnum skólans í heimsókn í útihús ?


86 svör



- já starfsmenn eru velkomnir í stutta heimsókn
- nei við höfum ekki tæk á að taka á móti starfsmönnum
- á ekki við


# Getur þitt heimili tekið við fleiri nemendum á Sveitadögum ?

82 svör



Hvernig gengur að finna þeim nemendum verkefni sem eru á þínum bæ ?


74 svör



- mjög vel
- vel
- þokkalega
- getur verið efit
- ekki vel

# Hvernig gengur að vinna verkefni sem koma úr skólanum ?

75 svör



- mjög vel
- vel
- þokkalega
- getur verið efit
- ekki vel

# Umsagnir foreldra

Bara mjög gaman að taka þátt í þessu verkefni og alveg endilega að halda þessu áfram.

Frábært verkefni sem hefur mikið gildi!

Við höfum verið í þessu í endalaust mörg ár og við finnum að börnunum finnst miklu meira gaman að vera úti að brasa heldur en í verkefnavinnu.

VIL AÐ ÞETTA VERKEFNI HALDI ÁFRAM Í SVIPUÐU SWIÐI OG VERIÐ HEFUR Flott verkefni

Alveg frábært framtak, mjög gaman að þessu.

Alveg frábært framtak en mér finnst að það verði að passa að hafa verkefni ekki of mikil.

Við höfum ekki tekið þátt í sveitadögum áður

Persónulega finnst mér eins og árið í ár hefur verið, margir skóladagur fallið niður vegna covid, að fækka ætti sveitdögum.

Undanfarið hafa verkefnablöðin verið þannig uppsett að það á að gefa nemendum einkunn fyrir frammistöðu í lokin, við myndum vilja sjá þessu breytt eða alveg tekið út.

Nauðsynlegt verkefni fyrir öll börn.  
Mér finnst gaman fyrir krakkana að hafa sveitadaga og læra um íslenska náttúru. Mjög góður tími að læra um fugla og fiska, og tengsl búsvæða og dýra.